

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202202-315/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu

Þann 18. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi.. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2021 var heimilt að urða 77.000 tonn en urðuð voru 96.272 tonn sem er 25% umfram heimild starfsleyfisins.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2021 bárust eftirlitsaðila 18. maí. Frávikinu telst því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki frá gr. 1.2 í starfsleyfi, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. ágúst 2022.

Virðingarfyllt,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur